

Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík


Reykjavík, 14. maí 2010

Efni: Umsögn um tillögu frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum, 515. mál.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins styðja að þær breytingar sem ofangreint frumvarp felur í sér, nái fram að ganga.

Í frumvarpinu er lagt til að úrvinnslugjald á nokkra vöruflokka hækki. Úrvinnslusjóður er rekinn á þann hátt að greiðslur fyrir hvern vöruflokk skulu standa undir kostnaði við endurvinnslu vörunnar. Sjóðurinn er því deildarskiptur, greiðslum fyrir hvern vöruflokk er haldið aðskildum og stefnt er að því að halda jafnvægi í álagningu og útgjöldum. Í upphafi var nokkur sjóðsmyndun í einstaka vöruflokkum, en aðrir hafa verið með jafnari rekstur. Á síðustu tveimur árum hefur gengið á sjóðinn vegna aðstæðna á markaði. Það er í samræmi við rekstrarfyrirkomulag sjóðsins að stilla gjaldið af miðað við stöðu einstakra sjóða.

Virðingarfyllt,



Pétur Reimarsson,
Samtök atvinnulífsins



Bryndís Skúladóttir,
Samtök iðnaðarins